

# KOTBÝLI KUKLARANS

Verði þoka  
ok  
verði skrípi



Galdrasýning á Ströndum

Bestu þakkir fyrir aðstoð við uppbyggingu Kotbýli kuklarans fá:

*Árni Páll Jóhannsson, sýningahönnuður*  
*Steingrímur Þorvaldsson, leikmyndagerðarmaður*  
*Línubönnun hf/ Ríkharður Kristjánsson*  
*Hilmar Örn Hilmarsson, tónlistarmaður*  
*Guðjón Kristinsson frá Dröngum og hleðslugengi hans*  
*Hótel Laugarhóll, Bjarnarfirði*  
*Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum í Hrutafirði*  
*Sjálfbodaliðar við byggingu kotbýlisins dagana 18. - 20. október 2002*

*Alþingi*  
*Framleiðnisjóður landbúnaðarins*  
*Ferðamálastofa*  
*Héraðsnefnd Strandasýslu*

*...og allt annað gott fólk sem ljáð hefur Kotbýli kuklarans tíma sinn, muni og fyrirhöfn.*

© Strandagaldur ses  
Galdrasýning á Ströndum

Galdrasafnið á Hólmavík  
Höfðagata 8-10  
510 Hólmavík  
S: 451 3525

Kotbýli kuklarans  
Klúku, Bjarnarfirði  
S: 451 3524

[galdrasyning@holmavik.is](mailto:galdrasyning@holmavik.is)  
[www.galdrasyning.is](http://www.galdrasyning.is)

Kotbýli kuklarans var opnað þann 23. júlí 2005

## HUGMYNDIN

Við undirbúning að Galdrasýningu á Ströndum varð aðstandendum fljótt ljóst að fyrir lágu ákaflega litlar upplýsingar um ýmsar hliðar galdramála. Fyrri tíðar fræðimenn höfðu einkum haft hugann við stjórnmalasöguna, mál sem komu fyrir alþingi og þau sem tengdust lærðum og ættstórum sautjándu aldar mönnum. Lítið fór fyrir upplýsingum um lífskjör og viðhorf almennings. Galdramálin voru skoðuð út frá því sem kom fram í dómsorðum á alþingi og lítið fjallað um þær persónur sem þar koma við sögu aðrar en sýslumenn og klerka sem oftast en ekki dæmdu í málunum eða áttu þátt í að draga kuklarana fyrir rétt. Þessi afstaða er skiljanleg í ljósi þess hve heimildir um sumar aldir Íslandssögunnar eru takmarkaðar. Við vitum afskaplega lítið um kjör alþýðunnar, leiguliðanna sem byggðu megnið af jörðum landsins, en þó má lesa ýmislegt milli línanna þegar þetta fólk á annað borð ber á góma í samtímaheimildum.

Langflestir þeirra sem ákærðir voru fyrir galdra voru af lægstu stéttum landsins og þótt einstaka yfirstéttarmaður væri ákærður er ekki vitað til þess að neinn þeirra hafi verið brenndur eða hýddur eins og algengt var um almúgafólkið.

Galdrasýningin í Kotbýli kuklarans á að sýna hvernig þetta fólk bjó, hver hugarheimur þess var og til hvaða ráða það greip í lífsbaráttunni.



Ef þú vilt að maður rati eigi á bæ þinn. Rist þennan staf á reynitré þá sól er í hádegisstað og gakk þrisvar réttisælis og þrisvar rangsælis í kringum bæ þinn og halt á reynissprotanum sem stafurinn er á ristur og hvassbrodduðu þyrnigrasi og legg svo hvorutveggja á miðja bæg á dyraburst þína.

## LEITIÐ OG FINNIÐ


Alla galdrastafina sem skreyta þessa sýningarskrá er að finna í Kotbýli kuklarans.

## KOTBÝLIÐ

Íslendingar bjuggu um aldir í torfbæjum. En fáir þeirra hafa líkst þeim nítjándu aldar burstabæjum sem enn standa. Á höfuðbólum sýslumanna og presta hefur verið mikil reisin, en kotbýli hafa átt fátt sameiginlegt með þeim annað en byggingar-efnið, allra síst á útnesjum langt frá þeim býlum sem talin voru verðmætust. Um það vitna lýsingar í fyrstu ferðabókunum um Ísland.

Um miðja 18. öld, hálfri öld eftir lok galdramála, ferðuðust Eggert Ólafsson og Bjarni Pálson um landið og ferðabók þeirra eru nokkrir kaflar um byggingar og segir þar að verstu hreysin séu í verstöðvunum á Suðurlandi og Snæfellsnesi, en hvergi er farið út í nákvæmar lýsingar á öðru en skárrí bæjum með mörgum burstum. Enginn sérstakur kafli er um húsakost á Vestfjörðum en í kafla um ferðalag norður eftir Strandasýslu og yfir í Jökulfirði segir:

En þótt Strandamenn séu góðir trésmiðir og beykjar, þá eru þeir harla lélegir húsasmiðir, því naumlega munu nokkurs staðar jafn illa hýstir bæir og á Ströndum, einkum norðan Trékyllisvíkur. Húsagerð þeirra er með þeim hætti, að ef eitthvert hús er að falli komið, er það rífið og reist sama daginn. Gildum rekadrumbum er hlaðið hverjum ofan á annan og mold mokað að þessum veggjum, svo að þeir hrynji ekki. Síðan eru bitar lagðir yfir húsið og sperrur reistar. Á þær er svo þakið með smátimbri svo þéttu, sem framast verður við komið, og það að lokum




Að fá stúlku


Rist þennan staf á brauð eða ost og gef henni að eta.



Að ekki flæði fé þitt, rist þennan staf á hornið á elsta sauðnum.




Að fé verði spakt. Tak eini og víði sem vex móti austri þá sól kemur upp og rist þar á þennan staf og lát fé ganga yfir á sumrum en undir á vetrum.



Ef kýr mjólkar blóði. Rist þennan staf á eik og mjólka á hann.

Rist þessa stafi í hríseik og graf undir þrepskjöldinn þar fé gengur yfir og fanga-mark þitt með.




þakið með torfi, þangi og hellum svo að allt fjúki ekki, og þar með er húsasmíðinni lokið. Viðinn nota menn alls staðar í óhófi. Honum er eytt eins og menn framast geta, en ekkert hirt um seinni tíma. Í einu orði sagt, hér við sjóinn fara menn á sama hátt með rekaviðinn og gert var við skógana, þar sem þeir voru.

Ekki er líklegt að þessi byggingaraðferð hafi tíðkast í Bjarnarfirði enda áttu þeir sem ekki bjuggu við sjávarsíðuna engan rétt til rekans, en rökrétt er að álykta sem svo, að fátækir leiguliðar hafi orðið að notfæra sér það byggingarefni sem var við hendina í miklu magni. Hér var það jarðefni sem auðvelt var að nálgast meðan sléttlendið í Bjarnarfirði var næstum samfelldar mýrar og fen. Þetta efni notuðu menn fram á tuttugustu öld þegar Skarðsrétt, sem enn er notuð, var hlaðinn upp eingöngu úr torfi.

Í Kotbýli kuklarans er grjót notað í undirstöður hússins en veggir hlaðnir úr klömbu og streng. Klambra er séríslensk aðferð við að hlaða torf, sniðskornir hnausar sem hlaðnir voru eftir ákveðnum reglum, inn í veggina fyllt með mold og afskurði og strengur lagður á milli laga til að binda veggina saman. Á veggjaendum og hornum voru síðan notaðir stórir torfhnausar, svokallaðir kvíahnausar. Helstu verkfærin við torfskurðinn voru páll (forveri stunguskóflu), reka og torfljár. En torfbærir voru ekki reistir án þess að nota timbur og í Kotbýli kuklarans er öll grindin úr ósöguðum rekavið, sitt húsið með hverju lagi og árefti ýmist klofið sprekk, reisifjalir úr

### Stafir til að fiska




Rist á kálfskinn og bind við öngul þinn.




Rist á skinn og bind við vaðarstein.



Rist þennan staf á keipsnefið.



Rist á manndrápseik ef þú vilt fiska.



### Róðrarstafur

Þennan staf skal rista á leður og bera í blóð þitt, lát síðan undir leguskautann á ár þinni en sjálfur skaltu bera hann af skipi og á. Mun þá enginn á þig snúa.


bökum eða stuttir, breiðir kubbar sem teknir voru í sneiðar og lagðir á langbönd. Rekagrindur af ýmsu tagi og klofið árefti var algengt við fjárhúsabyggingar á Ströndum allan fyrri hluta tuttugustu aldar. Ofan á áreftið í þökunum voru ýmist lagðar þökur eða snyddur, eða sambland af báðum tegundum eins og Kotbýlið er dæmi um.

Um er að ræða þrjú hús, sitt með hvoru lagi. Tvö þau fyrri sem gengið er um eru íveruhús heimilisfólksins og skepnanna. Þriðja húsið sem gestir ganga síðast inn í, er seinni viðbót og hýsir nokkra fróðleiksmola um Bjarnfirðinga fortíðarinnar.

## FÓLKIÐ

Nöfn sakborninga í galdramálum segja okkur afskaplega lítið um fólkið. Stundum fylgir með hvar það hafi búið og af því má sjá að flest hefur þetta fólk verið leiguliðar á kotjörðum eða vinnufólk. Og kjör þeirra hafa ekki verið góð. Fjölmargar jarðir báru afskaplega lítinn bústofn og ekki hefur þurft stór áföll til að hungurvofan berði að dyrum. Það er því ekki undarlegt að baráttu um jarðnæði bregði fyrir í galdramálum og búandkarlakukl sé algengt í galdrakverum, jafnvel meingaldrar til að gera nágrannanum erfitt fyrir. Á sumum kotbýlunum var ein kýr, innan við tíu ær og einn hestur og átti bústofninn að sjá fjórum heimilismönnum fyrir lífsnaðsynjum þegar hluti afrakstursins hafði verið greiddur landeiganda. Á Vestfjörðum öllum þar sem jarðnæði er takmarkað hafa fiskveiðar því verið naðsyn og aflabrestur verið alvarlegt mál. Við þessar

### Að drukkna ei í sjó




Haf þennan staf og muntu aldrei í sjó eður vatni drukkna.

### Sláttustafir




Þessa stafi skal rista á efri orfhælinn og bera í þá blóð úr lífæð á vinstri hendi.

### Við dýrbiti




Klipp þennan staf í enni á einhverjum sauðnum og mun tófa ei bíta.



Haf þessa stafi í húsi og mun ei bíta.


Rist þessa stafi á geitarhorn og lát hjá húsum þínum og mun ei bíta.



aðstæður verður skiljanlegt hve fljótt fólkinu fækkaði við sjúkdóma og harðæri.

Vinnuaðferðir voru frumstæðar fram eftir öldum og mesta furða hvað fólk afrekaði með líkamann sem aðal verkfærið, t.d. við að bera tað á tún eða flytja mó heim að bæ, og sumt af því sem þurfti að gera var hrein púlsvinna eins og að mala taðköggla á tún með kláru. Til aðstoðar við puðið greip fólk til ólöglegra aðferða svo lengi sem það trúði á mátt orða og galdrastafa. Sláttur var auðveldari ef ljárinn beit vel og þá ekki úr vegi að nota stafi og ákall ef grasið féll betur fyrir egg sem djöfullinn leit velþóknunaraugum.


## Dreprún



Þessa stafi skal maður skrifa á á blaði og kasta í hestfar hans, þá mun einhver gripur hans deyja. ef hann stýggir þig ofortént og byrg stafinn í hestfarinu.


## Karla-Magnúsar hringar

Þessir eru þeir níu hjálparhringar, hverja Guð sendi með sínum engli til Leo páfa, hverja hann skyldi færa Karlamagnúsi kóngi til varnar móti óvinum sínum eftir því sem þeir nú ljóslega á vísa hér eftir fylgjandi. In nomine patris et filio et spiritu sancty Amen.



Þeir fyrstu þrír eru svo sem hér eftir fylgir: Þessir fyrstu þrír hringar og sá fyrsti er vörn fyrir öllum fjandans prettum og óvina árásum og hugarvíli; annar fyrir bráðum dauða og niður falli sem og hjartaskelfing allri; þriðji fyrir óvina reiði, að þeir skelfist í hug sínum þá þeir líta mig augum svo þeir doðna og drjúpa niður.

Aðrir þrír hringar eru svo sem hér eftir fylgir: Þessir aðrir þrír hringar og sá fyrsti er við sverðabiti; annar fyrir apagangi og maður villist ekki; þriðji við reiði höfðingja og allri ofsókn illra manna.



Þriðju þrír hringar eru svo myndaðir sem hér næst eftir fylgir: Þessir þriðju þrír hringar og sá fyrsti aflar málasigurs í fjölmenni og vinsæli allra manna; annar við öllum ótta; þriðji varnar líkamans löstum og munaðarlífi.

Þessa níu hringa skal bera á brjósti sér eða á annarri hvorri hlið þá maður á von á óvini sínum.



Frægust eru vafalaust tröllin þrjú sem reyndu að grafa Vestfirði frá meginlandinu.

Á Drangnesi stendur Kerlingin sem gróf Kollafjörð og hjúin sem á móti henni hömuðust við að búa til Breiðafjarðareyjar komust ekki lengra en að Kollafjarðarnesi áður en sólin kom upp. Tröllakirkja heitir á Holtavörðuheiði, Skessuhellar í Hrútafirði og Þömb hét skessa sem Þambárvellir í Bitrufirði eru kenndir við. Miklar sögur fara af Kleppu sem fyrst bjó í Staðardal en flúði undan kirkjuklukkum norður í Trékyllisvík til Finnboga ramma þar sem ævi hennar endaði. Önnur skessa var í Selárdal í Steingrímsfirði, Þjóðbrók að nafni. Í Kolbeinsvík reyndi skessa að eyða bænum meðan Guðmundur góði gisti þar og í Trékyllisvík má enn sjá hjónakorn sem urðu að steinum á milli Árness og Mela þar í sveit.

Á landnámsöld hafði Grímur Ingjaldsson vetursetu í Grímsey á Steingrímsfirði og stundaði sjóróðra. Einhverju sinni hafði hann Þóri son sinn kornungan með sér, vafinn í selbelg. Í þeim róðri dró hann marbendil og vildi fréttu af honum hvar hann myndi nema land. Marbendill svaraði,

Ekki þarf ek at spá yðr, en sveinninn, er liggur í selbelginum, hann skal þar byggja ok land nema, er Skálm, merr yður leggsk undir klyfjum.

Síðar um veturinn fórst Grímur í róðri. Um vorið hélt kona hans af stað með Þóri og merina Skálm og fóru í Skálmarnes við Breiðafjörð, en það var ekki


## Að ei sé stolið frá þér



Gjör þennan staf á dyratréð í húsinu og kross með öfugri hendinni.



Að þjófur verði fastur í húsi, lát þennan staf undir þröskuldinn.



Rist þennan staf á eik og graf í gólfíð og lát féð ganga þar yfir.


Þetta eru þeir níu Ægishjálmar sem enginn má án vera sem með nokkra kunnáttu fer og skal hver og brúkaður vera.



fyr en ári síðar sem merin lagðist loks niður við Rauðamel á Snæfellsnesi. Þar nam Sel-Þórir land og varð mikill höfðingi.

Í sögum af Guðmundi biskupi góða segir af Selkollu, einhverri verstu óvætt í fornbókmenntum okkar, sem varð til við Selkollustein á Bjarnarfjarðarhálsi og herjaði á búendur í nágrenninu. Guðmundi tókst loks að ráða niðurlögum hennar og hefur hennar ekki orðið vart síðan. Fleiri vættir hafa alla tíð verið þekktar hér í nágrenninu og sagt er að stór hluti þeirra hafi hafst við í Goðdal upp af Bjarnarfirði fram eftir öllum öldum. Guðmundur góði reyndi að bæjja þeim úr dalnum en fljótlega sótti í sama horfið. Í Goðdal var hof og svæðið í kringum er einhver rammasti álagablettur sem sögur fara af í nágrenninu. Annar blettur er þar sem ekki má hreyfa við en það er haugur Goða, þess sem dalinn byggði. Í dalnum voru stunduð launblót eftir að kristni var lögtekin og enn þykir hvíla yfir dalnum einhver dulýðgi enda er sagt að eftir að gripum hofsins var fleygt í annann Goða-fossa í Bjarnarfirði hafi vaxið dreki í Goðdalsá.

## Veldismagn




Hann skal rista á surtarbrand og bera blóð í skurðinn og láta liggja milli brjósta þinna og mun þig ekki illt saka og heill og ósjúkur aftur heim koma hvort sem þú ferðast á sjó eða landi.

## Glímugaldrar


Viljirðu glíma við mann, rist þennan staf á kefli og heng yfir hann sofandi og mæl þetta fyrir:

Særi þig og hrelli,  
svelli þig og felli  
sjálfur Óðinn með xxx,  
Frigg, ginfaxi, gapandi,  
verði þér aldrei vær vonda fýlan  
fyr en Baldurs innsigli  
á brjóst þér kemur.




Vilt þú glíma vel, rist þessa stafi á skó þinn með mannsbeini eða kjúku á þeim fæti sem þú glímir með og seg:

Sendi ég fíandann sjálfan í hans brjóst og bein sem við mig glímur, í þínu nafni Þór og Óðinn og snú andliti til útnordurs.



Item rist á jarðtorfu mót vaxandi tungli með mathnif þínum og yfir döggyva blóði þínu, lát svo í skó þína og mæl svo að rót vísu þessa:

Ginfaxi á hæl,  
Gapandi á tá,  
taktu á sem fyrri  
því nú liggur á.



## FYRSTI BJARNFIRÐINGURINN

Í Njálu er sagt frá fyrsta Bjarnfirðingnum, Svani, syni Bjarnar þess sem nam allan núverandi Kald-rananeshrepp. Svanur var móðurbróðir Hallgerðar langbrókar og tók að sér að geyma Þjóstólf þræl Hallgerðar eftir að hann hafði drepið mann hennar. Njála segir um Svan að hann hafi verið

fjolkunnugur mjög ... hann var ódæll og illur viðureignar.

Þegar Dalamenn riðu á Bjarnarfjarðarháls til að hefna Þorvaldar sóttu fylgjur að Svani. Hann bað Þjóstólf ganga út með sér, vafði geitarskinni um höfuð sér og mælti:

Verði þoka  
ok verði skrípi  
ok undur öllum þeim,  
er eptir þér sækja.

Brá þá svo við að á hálsinn kom þoka svo Dalamenn sáu ekkert frá sér

ok féllu þeir þá af baki ok týndu hestunum ok gengu í fen ofan sjálfir, en sumir í skóginn, svá at þeim helt við meiðingar; þeir töpuðu af sér vápnunum.

Þeir reyndu í þrígang að komast yfir hálsinn en allt af steypmist þokan á móti þeim en létti þegar þeir hurfu frá. Sagt er að Svanur hafi gengið í gjána ofan við Svanshólsbæinn og komið út í Kaldbaksvík og róið þaðan til fiskjar. Hann lauk æfi sinni í róðri og sögðu fiskimenn í Kaldbaksvík að hann hefði þá gengið upp Svansgjá í Kaldbakshorni og inn í fjallið

ok var þar vel fagnat.

Löngu síðar bjó annar galdramaður á Svanshóli. Hann hét Snorri og þótti einrænn og ómannblend-

## Innsigli Salómons konungs




Ef þú vilt verða vitur og fá góða drauma þá rist þennan staf á surtarbrand og haf undir höfði þér.

## Blóðuxi – Molduxi.



Til varnar stuldi, sá fyrri á dag en hinn á nóttu. Rist þá innan á lok kistu þeirrar er geymir fjármuni þína.

## Stafir mót aðsókn




Þessa stafi skal rista á eik og bera á blóð úr hendi og hengja þá yfir dyr þínar og mun þá fátt inn fara.

inn. Hann lagði fyrir dóttur sín að lík sitt skyldi ekki fært til kirkju heldur grafið í bæjarhólinn. En þótt dóttirin væri öll af vilja gerð tók sóknarpresturinn slíkt ekki í mál og skipaði að líkið skyldi flutt til kirkju. En illa gekk flutningurinn því kistan sveiflaðist stöðugt af hestinum og var svo þung að það var mesta basl að koma henni aftur fyrir. Þegar komið var niður fjörð þar sem sagnir gengu um að væri forn greftrunarstaður léttist kistan skyndilega og gekk ferðin greiðlega eftir það.

Hálfri öld síðar þegar verið var að taka gröf í kirkjugarðinum Kaldrananesi kom kista Snorra í ljós og var opnuð. Ekki fannst í kistunni bein, tennur eða hár, en leifar af fötum og það sem Snorri hafði sagt dóttur sinni að setja með sér í kistuna, urriða, heflispænicr og forneskjublöð.

## AÐRIR BJARNFIRSKIR GALDRAMENN


Bjarnarfjörður mun ekki hafa verið á alfaraleið fyrir en á 20. öld. Fram að þeim tíma fóru menn norður yfir fjallendið ofan byggðar. Fyrir bragðið er fátt vitað um líf mann í Bjarnarfirði fyrir en á galdraöld. Heimildir nefna tvö galdramál sem upp komu í Bjarnarfirði og margir íbúar þar tengdust máli Klemusar Bjarnasonar sem síðastur var dæmdur til dauða fyrir galdur á Íslandi og sagt er frá á Galdrasafninu á Hólmavík. Guðrún Magnúsdóttir ákærði þrjá menn 1660 fyrir að hafa valdið ókennilegum veikindum sem lengi höfðu hrjáð hana, en ekki er vitað hvernig því máli lauk. Árið 1676 var Jón Pálsson hýddur á Kaldrananesþingi



### Ef óhreint sveimar um

Rist þennan staf yfir húsdyr. Gjör af stíl af einir eða silfri.

### Viljir þú að hestur fótbrotni




Rist þennan staf á töflu og kasta í götuna. Rist með mathníf þínum.

### Kaupaloki



Drag þennan staf á loðpappír og ber leynilega undir vinstri hendi. Muntu þá hafa sigur í viðskiptum.

### Til að allt fé manns verði tvílembt



Rist þennan staf á sauðatað með músarrífi úr hrafnsblóði og brenn í stekkjardyrum á blágrýtishellu og lát reykin leggja framan í fêð á Jónsmessu gömlu.

en í fórum hans höfðu fundist níu galdrablöð með upp á dregnum margs lags óvenjulegum characteribus með tveimur tóustefnum, einninn margháttaðri og óviðurkvæmilegri vanbrúkun guðs heilaga nafns. Bjarnfirðingum þótti brotið ekki stórt fyrst Jón hafði ekki gert neinum mein en hann var engu að síður dæmdur til að hýðast sem næst gangi lífi og blöðin átti að brenna upp í nasirnar á honum.

Strandamenn hættu ekki að galdra þótt galdramál kæmu ekki fyrir dómstóla eftir fyrstu áratugi 18. aldar. Í Goðdal bjó á 18. öld víðfrægur galdramaður, Jón glói, sem meðal annars sýndi sýslumanni að hann kynni að vekja upp draug auk þess sem kona hans var grunuð um að eiga tilbera.

## **STEFNUR, BÆNIR OG SÆRINGAR**

Orð hafa alltaf þótt hafa töframátt á Íslandi og fátt hræddust menn meira en formælingar ákvæðaskálda. Orðkynngina mátti líka nota til að halda frá sér óæskilegum öflum, þótt ekki sé það sem til er af særingum, stefnum og bænum í takt við opinberar kenningar kirkjunnar. Sumt af þessu efni er til þess gert að koma draugum til síns heima, stefna frá sér öndum og púkum eða til að halda tófunni fjarri skepnunum. Þá virðist alþýðan hafa haldið tryggð við kaþólskar bænir sem sumar hverjar hafa varðveist í galdrabókum.

Sumar stefnur eru undarleg blanda þar sem heilög þrenning og María mey eru ákölluð ásamt Þór, Óðni og fleiri heiðnum goðum. Aðrir textar innihalda blöndu af miðaldadulspeki og brengluðum latínutextum, en lengi fram eftir héldu menn upp á blöð með brotum af Biblíunni á latínu og töldu það hafa verndarkraft. Það sem heyra má í Kotbýli kuklarans er lítið brot af þessum textum sem eru flestum lítt kunnir. Einnig hljóma þar glefsur af röddum genginna Strandamanna úr safni hljóðritana sem varðveittar eru í Stofnun Árna Magnússonar.

## **GALDRASTAFIRNIR**

Galdrastafi og tákn sem sjá má í Kotbýli kuklarans er allt fengið úr galdrabókum sem sumar eru frá 17. öld en aðrar yngri en þó allar af sömu ætt. Erfitt er að fullyrða nokkuð um uppruna þessara fræða. Sumt virðist eiga rætur að rekja til dulspeki miðalda og fornfræða endurreisnarmanna, en annað ber með sér sér tengsl við Ásatrú og heiðna rúnamenningu. Marga galdra sem bar á góma við réttarhöld á 17. öld er að finna í galdrabókum sem nú eru geymdar á handritasöfnum. Tilgangurinn með galdrastöfunum segir okkur mikið um amstur, áhyggjur og erfði alþýðufólks.

Skýringar við marga galdrastafi sem finnast í Kotbýli kuklarans fylgja hér í sýningarskránni.

Athyglisverðar bækur fást um sama efni útgefnar af Strandagaldri. Þær fást í minjagripaverslunum Galdrasýningar á Ströndum og í öruggri vefverslun Strandagaldurs á slóðinni:

[www.galdrasýning.is/strandabudin](http://www.galdrasýning.is/strandabudin).

## ANGURGAPI - UM GALDRAMÁL Á ÍSLANDI

Í bókinni er reynt að svara mörgum af þeim spurningum sem galdraöldin vekur. Þar er rakinn aðdragandi galdraofsókna, sagt frá fjölda mála, hverjir voru dæmdir og fyrir hvað, hvað er varðveitt af íslenskum galdri og hvers vegna hætt var að dæma menn fyrir kukl.

Í Angurgapa er að finna fjölda ljósmynda og hún er fróðleg viðbót við Galdrasýningu á Ströndum.

Angurgapi er gefinn út á íslensku og á ensku.

Höfundur: Magnús Rafnsson

Útgefandi: Strandagaldur

Útgáfuár: 2003

ISBN: 9979-60-773-4

## TVÆR GALDRASKRÆÐUR

Galdrabækur og galdrastafir eru ýmist álitin vitleysa og fáfræði eða forboðin fræði sem geyma leifar af fornum átrúnaði. Slík rit léku stórt hlutverk í íslenskum galDRAMÁLUM. Í bókinni Tvær galdraskræður eru prentaðar tvær skræður eftir handritum frá því um 1800, einni öld eftir að hætt var að sækja menn til saka fyrir galdra.

Fyrri handritið í bókinni, Lbs 2413 8vo, er talið frá því um 1800 og bók með jafn mörgum galdrastöfum er ekki sett saman fyrr en alþýðufræðimenn undir lok aldarinnar fara að safna saman efni úr fleiri en einu handriti. Ekki er vitað hvar handritið er skrifað og heldur ekki hvernig það barst á Landsbókasafnið.

Handritið er 10 x 8 cm og alls í henni 74 blöð. Í handritaskrá Landsbókasafnsins er handritið sagt skrifað af einni og sömu höndinni og kallað rúna- og galdrakver. Engin dæmi um venjulegar rúnir finnast í bókinni en þó nokkrar ókennilegar stafarunur. Bókin hefst á safni þjófagaldra og ástargaldra en eftir það er engin sérstök röð á galdrastafaefninu fyrr en kemur að verndargöldrum. Loks eru í bókinni stefnur og særingar eins og fylgdu oft handritum af þessu tagi.

Síðara handritið, Lbs 764 8vo, er af allt öðru sauðahúsi. Það telur 14 blöð, 14 x 8,5 cm að stærð og talið skrifað um 1820. Utan um handritið er gamalt seðlaveski úr leðri,

bryddað með grænu og með taubandi til að vefja utan um það. Innan á fyrsta blaðið er nafnið Kristján Sigurðsson en engar vísbendingar um hver hann var. Landsbókasafnið keypti handritið árið 1903 af Þorláki V. Reykdal.

Bókin er bæði á íslensku og ensku þar sem íslenskan er prentuð á hægri síðu opnanna og á enska á þeirri vinstri. Hægt er að skoða nokkrar síður úr bókinni með því að smella hér.

Tvær galdraskræður telur 263 blaðsíður og er prentuð í kiljuformi. Fjórar litprentaðar síður eru í bókinni.

Höfundur: Magnús Rafnsson

Útgefandi: Strandagaldur

Útgáfuár: 2008

ISBN: 978-9979-9584-5-1

## **GALDRAR OG SIÐFERÐI Í STRANDASÝSLU Á SÍÐARI HLUTA 17. ALDAR**

Strandamenn stæra sig stundum af því að kunna meira fyrir sér í göldrum en aðrir Íslendingar, ekki síst á þeim forsendum að í sýslunni urðu sum mögnuðustu galdramál 17. aldar. Hér birtast varðveittir dómar í þeim málum í fyrsta sinn á prenti og sýna hugarheim og lífskjör alþýðumanna í kuldalegu ljósi ásakana um hrekki og ofsóknir, sem sakborningar tóku sjálfir mark á og notuðu sér til framdráttar í harðri lífsbaráttu

Einnig eru hér fjölbreyttir textar um ýmis málefni sem ætlað er að veita innsýn í hegðun og hugsun og jafnvel tilfinningar Strandamanna á síðari hluta 17. aldar, ágengu og ögrandi tímabili í sögu þeirra.


Bókin telur 202 blaðsíður og er í kiljuformi og í henni er einnig að finna úrdrátt á ensku.

Höfundur: Már Jónsson

Útgefandi: Strandagaldur

Útgáfuár: 2008

ISBN: 978-9979-9584-4-4



[WWW.GALDRASYNING.IS/STRANDABUDIN](http://WWW.GALDRASYNING.IS/STRANDABUDIN)



Strandagaldur ses